

Fundargerð háskólaráðs
364. fundur 17. september 2015
í fundaherbergi 262, Borgum, kl. 13:30 – 16:00

Rektor Eyjólfur Guðmundsson setti fund kl. 13:00

Mættir voru auk hans:

Óskar Þór Vilhjálmsson, fulltrúi háskólasamfélagsins
Hermína Gunnþórsdóttir, fulltrúi háskólasamfélagsins
Berglind Ósk Guðmundsdóttir, fulltrúi FSHA
Erla Björg Guðmundsdóttir, varafulltrúi háskólaráðs
Svanfríður Jónasdóttir, fulltrúi háskólaráðs

Forföll boðuðu:

Jens Garðar Helgason fulltrúi menntamálaráðherra og varamaður hans

Aðrir mættir:

Guðrún María Kristinsdóttir, ritari rektors

Gestir:

Eiríkur Björn Björgvinsson bæjarstjóri

1. Fundargerð síðasta fundar til upprifjunar, mál til kynningar

- Starfsmannamál, ráðning verkefnastjóra á skrifstofu rektors.
- Végeirsstaðamál, nýjustu gjörðir stjórnar Végeirsstaðasjóðs og hugmyndir um framtíðina.

2. Rekstraryfirlit janúar-ágúst, rekstrarhorfur ársins, rekstrarhorfur 2016 og fjárlög

1505011

Rektor gerði grein fyrir rekstraryfirliti. Rekstrarstaða háskólans í heild er 67,35% af áætlun en viðmiðið er 66,67%.

Stefnt er að hallalausum rekstri í árslok, að því gefnu að á móti launakostnaði umfram áætlun vegna kjarasamninga fáið framlag á fjáraukalögum.

Rektor gerði grein fyrir yfirliti yfir framlög til háskóla skv. fjárlagafrumvarpi fyrir árið 2016. Í ljósi kostnaðarhækkana á yfirstandandi ári og því næsta mun áætlað framlag til HA tæplega viðhalda núverandi starfsemi háskólans. Háskólaráð lýsir yfir áhyggjum sínum af því.

3. Uglumál
1105053

Rektor kynnti breytt skipulag á utanumhaldi Uglunnar hjá háskólunum. HA hefur gert samning við Stefnu hugbúnaðarhús um verkefnastjórnun, þjónustu, ráðgjöf og kennslu gagnvart Uglunni í HA. Samningurinn gildir frá 1. júlí til 31. desember 2015.

Á grundvelli skýrslu frá Stefnu mun háskólaráð og yfirstjórn skólans geta tekið ákvörðun um framhaldið.

4. Ábendingar og athugasemdir við skýrsludrög um háskóla á Íslandi
1509021

Rektor gerði grein fyrir athugasemdum HA við skýrsludrög mennta- og menningarmálaráðuneytisins. Málið verður áfram á dagskrá háskólaráðs á haustmisseri.

5. Tölvunarfræði við HR

Rektor greindi frá því að 26 nemendur hófu námið við HR í haust, valdir úr stærra hópi. Verkefnastjóri hjá HA heldur utan um námið hér. Verkefnið er fjármagnað til tveggja ára til að byrja með.

Samstarfssamningur HA og HR um námið verður undirritaður bráðlega.

6. Breytingar á reglum um gæðaráð, breytingar á reglum nr. 387/2009 fyrir Háskólann á Akureyri
0804017, 1509047

Rektor greindi frá tillögu að breyttri skipan gæðaráðs HA. Framvegis verður gæðaráð þannig skipað:

Gæðastjóri í forsæti, fulltrúar fræðasviða, forstöðumaður kennslumiðstöðvar, forstöðumaður nemendaskrár, tveir fulltrúar nemenda og tveir fulltrúar starfsfólks.

Gæðaráð skiptir með sér verkum (skipar sér ritara).

Háskólaráð samþykkti breytingarnar samhljóða. Breytingar verða á 8. gr. reglna nr. 387/2009 fyrir Háskólann á Akureyri í samræmi við þetta.

Rektor kynnti þá hugmynd um breytingar á skipan framkvæmdastjórnar að fjármálastjóri og gæðastjóri verði framvegis í framkvæmdastjórninni. Tillaga verður formlega lögð fram á næsta fundi.

7. Skipun fulltrúa HA í stjórn FÉSTA, frekari uppbygging á húsnæði fyrir stúdenta
1509048

Eiríkur Björn bæjarstjóri kom á fundinn.

Greindi hann frá stöðu Akureyrarbæjar varðandi félagslegt húsnæði. Rætt var um möguleika á samstarfi um byggingu stúdentaíbúða/félagslegs húsnæðis.

Háskólaráð samþykkti að skipa Kristínu Ágústsdóttur, forstöðumann markaðs- og kynningarsviðs, og Úlfar Hauksson, forstöðumanns fjármála- starfsmanna- og rekstrarsviðs, sem fulltrúa HA í stjórn FÉSTA. Kristín er aðalfulltrúi, Úlfar varafulltrúi. Skipunartími er til 1. október 2017.

Háskólaráð felur fulltrúum HA í stjórn FÉSTA að stuðla að stefnumótun fyrir Félagsstofnun stúdenta á Akureyri til fimm ára sem unnin verði af þeim aðilum sem eiga fulltrúa í stjórn.

8. Hvað getur Háskólinn á Akureyri gert fyrir flóttamenn?

1509009

Bæjarstjóri sagði frá hvernig staðið var að móttöku flóttamanna á Akureyri árið 2003. Akureyrarbær hefur myndað stýrihóp til að móta það hvernig móttöku flóttamanna yrði hagað nú.

Rætt var um hugsanlegan farveg fyrir sjálfbóðaliðastarf af hálfu starfsfólks HA.

Bæjarstjóri fór af fundinum.

Háskólaráð lýsir yfir ánægju með það frumkvæði starfsmanna háskólans að bjóða fram aðstoð vegna móttöku flóttamanna. Háskólaráð mun jafnframt athuga með hvaða hætti stofnunin getur komið að móttöku flóttamanna í samstarfi við Akureyrarbæ og Rauða krossinn.

9. Skipun samráðsnefndar um framhaldsnám skólaárið 2015-2016

1509008

Háskólaráð samþykkir skipunina.

10. Skipun stjórnar rannsóknasjóðs

1301008

Núverandi formaður hefur sagt af sér. Háskólaráð samþykkir að skipa Kristínu Sóley Sigursveinsdóttir formann stjórnar rannsóknasjóðs. Elísabet Hjörleifsdóttir tekur sæti sem aðalfulltrúi.

11. Umfjöllun um samskipti Menntamálastofnunar og HA vegna Byrjendalæsis

Rektor greindi frá undirbúningi málþings um læsi í HA 10. október.

12. Vísindaskóli unga fólksins, framhaldið

Rektor kynnti rekstrarniðurstöðu Vísindaskóla unga fólksins 2015 en hún er jákvæð um 1,7 mkr.

Sigrún Stefánsdóttir, forseti hug- og félagsvísindasviðs, mun aftur halda utan um Vísindaskólann árið 2016.

Meiri hluti nemenda Vísindaskólans 2015 hefur lýst áhuga á að koma aftur í skólann. Prógramm skólans 2016 verður að hluta til miðað við það að

þeir nemendur geti komið í annað sinn.
Háskólaráð lýsti ánægju sinni með þetta.

13. Önnur mál

Háskólaráð ákvað að fjalla sérstaklega um rannsóknamisseri og stöðu umsókna á næsta fundi.

F. sl. kl. 16:00.